



SELTJARNARNESBÆR

Auglýsing um deiliskipulag á Seltjarnarnesi

Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir hér með tillögur að deiliskipulagi Bakkahverfis og Lambastaðahverfis á Seltjarnarnesi skv. 25. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Bakkahverfi

Svæðið sem deiliskipulagið á að gilda fyrir afmarkast af Hæðarbraut, Valhúsabraut, Bakkavör, Suðurströnd og Lindarbraut eins og sýnt er á deiliskipulagsupprætti. Svæðið er nefnt Bakkahverfi eftir bænum Bakka enda margar lóðir hverfisins fengnar úr landi Bakka.

Lambastaðahverfi

Svæðið sem deiliskipulagið á að gilda fyrir afmarkast af Skerjabraut, Nesvegi, bæjarmörkum að Reykjavík og sjó eins og sýnt er á deiliskipulagsupprætti. Svæðið er nefnt Lambastaðahverfi eftir bænum Lambastöðum enda margar lóðir hverfisins fengnar úr landi Lambastaða.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Austurströnd 2 og á Bókasafni Seltjarnarness við Eiðistorg frá og með mánudeginum 28. september til miðvikudagsins 28. október 2009.

Tillögurnar verða einnig til sýnis á heimasíðu Seltjarnarness, www.seltjarnarnes.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skriflegum athugasemdum, ef einhverjar eru, skal skilað á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2, eigi síðar en 12. nóvember 2009. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkur þeim.

Ólafur Melsted

Skipulagsstjóri Seltjarnarnesbæjar